


Funafréttir

Rósa Hreinsdóttir
Halldórsstöðun



1. tölublað 3. Árgangur
mars 1998

Fréttatilkynning frá Landbúnaðarráðuneytinu nr. 4/1998, dags. 18 mars.

Um varnir gegn útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum.

Landbúnaðarráðherra hefur í dag gefið út nýja reglugerð til varnar útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila í hrossarækt.

Enn er ekki vitað hver er orsök veikinnar. Hún er nú útbreidd í Reykjavík og nágrennabæjum, víða í Árnessýslu og á Akranesi. Ekki er vitað til þess að hún hafi komið upp í öðrum landshlutum.

Smit getur borist með beinum samgangi hrossa og manna en auk þess með óbeinum hætti.

Tilgangur með setningu þessarar reglugerðar er að efla enn frekar varnir gegn því að sjúkdómurinn breiðist víðar út um landið og að hestamennska og önnur starfsemi með hross geti komist í sem eðlilegast horf innan afmarkaðra svæða.

Með reglugerðinni er landinu skipt upp í eftirtalin varnarsvæði:

1. Svæði þar sem sjúkdómurinn hefur komið upp: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær og Árnessýsla.
2. Svæði þar sem sjúkdómurinn hefur komið upp: Akranes.
3. Svæði þar sem smithætta er mikil: Reykjanes sunnan Hafnarfjarðar.
4. Svæði þar sem smithætta er mikil: Kjalarnes- og Kjósarhreppar.
5. Svæði þar sem smithætta er mikil: Borgarfjarðarsýsla, sunnan Skarðsheiðar.
6. Svæði þar sem smithætta er mikil: Rangárvallasýsla, vestan Markarfljóts.
7. Svæði þar sem smithætta er minni: Aðrir kaupstaðir og landshlutar.

Milli varnarsvæða gildir bann við flutningi á hrossum, reiðtygjum og hestaflutningatækjum. Hestamenn og aðrir sem umgangast hross skulu forðast samgang við hross af öðrum svæðum en þeir sjálfir tilheyra, en sé brýn þörf á slíkum samskiptum skulu þeir með ítarlegum sóttvörnum hindra að þeir beri smit á milli svæða. Innan svæða er hinsvegar heimilt að flytja hross milli húsa, stunda útreiðar og halda upp annari starfsemi með hross s.s. tamningum, járnungum, reiðnámskeiðum og hestamótum. Hvatt er til að gætt sé ítrasta hreinlætis og tæki er gætu borið smit séu sóttgreinsuð. Heyflutningar eru leyfðir á milli varnarsvæða að uppfylltum ítarlegum reglum um sóttgreinsun sem felur í sér grófhreinsun, háþrýstipvott og úðun með sóttgreinsilegi. Útflutningur á hrossum er sjálfkrafa stöðvaður á meðan óvissa ríkir um orsök veikinnar. Þá hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að koma formlega á starfshópi undir yfirstjórn yfirdýralæknis með þátttöku sérfræðinga, hagsmunaaðila og stjórnvalda til að kanna aðdraganda sjúkdómsins og nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Nánari upplýsingar veitir yfirdýralæknir Sölvhólsgötu 7.

Frá því að þessi reglugerð var gefin út hefur veikin greinst á svæðum 4 og 6.

Reglugerð um varnir gegn útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum.

1. gr.

Þar sem komið hefur upp áður óþekktur dýrasjúkdómur hér á landi ("smitandi hitasótt í hrossum") hefur verið ákveðið, að tillögu yfirdýralæknis, að skipta landinu upp í eftirtalin varnarsvæði:

- a. Svæði 1. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær og Árnessýsla.
- b. Svæði 2. Akranes.
- c. Svæði 3. Reykjanes, sunnan Hafnarfjarðar.
- d. Svæði 4. Kjalarnes- og Kjósarhreppar.
- e. Svæði 5. Borgarfjarðarsýsla, sunnan Skarðsheiðar.
- f. Svæði 6. Rangárvallasýsla, vestan Markarfljóts.
- g. Svæði 7. Aðrir kaupstaðir og landshlutar en taldir eru upp í staflidum a-f.

2. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um takmörkun á flutningi hrossa, reiðtygja og flutningatækja, sóttthreinsun fatnaðar, hestamót o.fl.

1. Óheimilt er að flytja hross á milli eða í gegnum varnarsvæði samkv. 1.gr.
2. Óheimilt er að flytja notuð reiðtygi, þ.m.t. kamba, klósur, píska, ábreiður og dýnur á milli varnarsvæða.
3. Óheimilt er að fara með flutningatæki fyrir hross á milli varnarsvæða.
4. Hestamenn og aðrir sem umgangast hross skulu forðast samgang við hross af öðrum varnarsvæðum. Sé brýn þörf á slíkum samgangi skulu hestamenn klæðast hlífðarfatnaði og skóm sem ekki eru notaðir í hesthúsum eða við hestamennsku á öðrum svæðum eða hafa verið sóttthreinsaðir. Þeir skulu með öllum tiltækum ráðum hindra að óhreinindi úr umhverfi hrossa berist á önnur varnarsvæði t.d. með bílum.
5. Innan svæða er heimilt að flytja hross milli hesthúsa og umgangur hirða, járningarmanna og tamningarmanna milli hesthúsa er heimil. Þá er heimilt að stunda útreiðar, halda reiðnámskeið og hestamót innan hvers varnarsvæðis.

3. gr.

Um heyflutninga milli varnarsvæða gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að nota til heyflutninga tæki sem notuð eru til flutninga á hrossum.
2. Eingöngu má nota heyflutningatæki sem auðvelt er að þrifa að utan sem innan.
3. Heyflutningatæki skulu háþrýstipvegin fyrir og eftir flutninga og hjól, hjólaskálar, flutningsrými og gólfrými ökumanns úað með sóttthreinsileginum "Virkon", eða jafnvirku sóttthreinsiefni.
4. Bílstjórum er óheimilt að fara inn í hesthús, hlöður og hesthúsagerði og skulu gæta ítrasta hreinlætis við störf sín. Þeir skulu sóttthreinsa skófatnað og klæðast nýþvegnum hlífðarfatnaði.
5. Vélar sem notaðar eru til heyflutninga innan hesthúsahverfa má ekki flytja til annara svæða nema að undangenginni sóttthreinsun.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 30.gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um varnir gegn smitandi hitasótt í hrossum nr. 120 27. febrúar 1998.

Í landbúnaðarráðuneytinu 18. mars 1998.

Guðmundur Bjarnason.



KRAKKAR!

Fundur verður á Melgerðismelum mánudaginn 6. apríl kl. 20.30. Kynnt verður starfsemi deildarinnar. Dagskrá:

Vor og sumarstarf.

Námskeiðahald.

Íþróttadómari leiðbeinir um íþróttakeppni.

Léttar veitingar.

Barna og unglíngaráð.



Nýtt félagsmerki.

Á aðalfundinum 20. febrúar sl. lagði stjórn Funa fram tillögu að nýju félagsmerki til kynningar. Merki þetta prýðir foriðu Funafréttu að þessu sinni. Nokkrar umræður urðu um merkið en það var svo samþykkt sem nýtt félagsmerki Funa. Fáninn í merkinu er að sjálfsgöðu blár, rauður og hvítur, folaldið er svart og stafirnir bláir. Hönnuður merkisins er Skafti Skirnisson.

Nýr félagsjakki.

Á aðalfundinum lagði stjórnin einnig fram þá tillögu að skipta um félagsjakka. Vegna mistaka við hönnun núverandi jakka eru þeir með öllu óbrúkandi. Stjórnin sýndi fundarmönnum litaprufur og lagði til að hinn nýji jakki yrði fánablár með rauðum kraga. Um þetta mál urðu miklar umræður og skoðanir skiptar, en við atkvæðagreiðslu var tillagan samþykkt. Notað verður viðurkennt reiðjakkasnið að þessu sinni og er nú verið að leita að ódýrasta kostinum hvað saumaskapinn varðar. Nú þegar hafa 26 aðilar lagt inn pöntun í jakka. Ef þú félagsmaður góður hefur áhuga á að fá þér nýjan félagsjakka þá vinsamlegast hafðu samband við Önnu Kristínu í síma 462-4916 eða Rósu í síma 463-1272 fyrir 10. apríl næstkomandi. Stefnt er að því að sauma jakkana sem fyrst svo að þeir verði tilbúnir fyrir komandi landsmót.

Stjórn Funa.

Félagsjaki

fundinum lagði

er við þessu fundi

fundarmönnum

Um þetta mál

Stjórn Funa.

Formaður:	Ármann Ólafsson	Litla-Garði	463-1290
Varaformaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
Gjaldkeri:	Reynir Björgvinsson	Bringu	463-1220
Ritari:	Húni Zophoniasson	Litla-Hamri	463-1216
Meðstjórnandi:	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Varamaður:	Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249

Mótanefnd.

Ævar Hreinsson	Skarðshlíð 9 d.	461-2491
Vala Harðardóttir	Vanabyggð 6 d.	462-4021
Þór Jónsteinsson	Skriðu	462-6794
Jóhannes Jóhannesson	Huldugili 44	462-5748
Reynir Björgvinsson	Bringu	463-1220

Barna og unglingaráð.

Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848
Dýrleif Jónsdóttir	Litla-Garði	463-1290
Bjarni Guðmundsson	Háhlíð 14	462-5010
Hákon Harðarson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942

Skemmtinefnd.

Herdís Ármannsdóttir	Teigi	463-1249
Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	463-1312
Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70	462-5688
Dýrleif Jónsdóttir	Litla-Garði	463-1290
Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272
St. Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249

Ferðanefnd.

Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272
Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	463-1312
Húni Zophoniasson	Litla-Hamri	463-1216

Reiðveganefnd.

Ármann Ólafsson	Litla-Garði	463-1290
St. Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
Þór Hjaltason	Akri	463-1221

Fræðslunefnd.

Kristbjörg Ingólfssdóttir	Hólabraut 15	462-7679
Þröstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360
Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916

Fulltrúar í stjórn Melgerðismela.

Þorvaldur Hallson	Ysta-Gerði	463-1265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6	462-2582
Axel Yngvason	Merkigili	463-1388

Skoðendur reikinga.

Þorvaldur Hallson	Ysta-Gerði	463-1265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6	462-2582

'Agætu hestamenn!

Frankvæmdir við væntanlegt Landsmót hafa staðið allt frá því boðað var til fyrsta fundar á Akureyri 8. maí 1996 þar stjórn LH mætti ásamt fulltrúum þeirra félaga sem hugðust standa að mótinu. Strax þann 17. maí var boðað til næsta fundar í Rauðuskriðu þar sem framkvæmdanefndin mætti og skipaði sér 5 manna framkvæmdastjórn sem í eiga sæti Jón 'Ol. Sigfússon formaður, Gísli Haraldsson ritari, Hólmgeir Valdemarsson gjaldkeri og 'Armann 'Olafsson og Þorsteinn Hólm meðstjórnendur. Fyrstu störf framkvæmdastjórnar einkenndust af bréfaskriflum og hringingum til ýmissa aðila sem reynt var að fá til samstarfs vegna kynningarstarfs sem þegar hafði verið ákveðið að fara út í og fyrirsjáanlega myndi kosta verulegar fjárhæðir. Það er nú svo að þegar gera skal eitthvað þá þarf fjármagn til þess og það vorum við að reyna. 'Arangur okkar hefur verið næsta lítill. Allir opinberir og hálfopinberir sjóðir og stofnanir hafa reynst galtómir og þeir einu sem hafa sýnt okkur skilning er Atvinnuámalanefnd Akureyrarbæjar sem hefur veitt okkur styrk og svo þeir sem hafa auglýst hjá okkur í bæklingum þeim sem við höfum nú gefið út en þeir eru orðnir tveir, prentaðir á ensku og þýsku í 10.000 eint. upplagi hvor auk eins bæklinga sem Léttir og Funi gáfu út haustið 1995. Auk þess höfum við auglýst í erlendum blöðum og tímaritum, í Eidfaxa International, Iceland Review, á hestasýningunni Equitana, á heimsmeistaramótinu í Noregi og víðar auk þess sem við höfum kynnt mótið hér heima. Við höfum komið okkur fyrir á Internetinu og reynt að vekja eins mikla eftirtekt á mótinu og við höfum frekast getað en fjárráðin hafa skammtað okkur möguleikana. Þó getum við sagt með vissu að aldrei áður í sögu Landsmótanna hefur eins markvisst og öflugt kynningarstarf farið fram, hvorki erlendis né hér heima, og aldrei staðið í eins langan tíma enda hafa viðbrögðin sýnt okkur fram á það að hestaunnendur um víða veröld biða með óþreyju eftir að komast á Melgerðismela. Má segja að langmestur hluti starfs okkar fram til þessa hafi farið í þetta kynningarstarf og þykir okkur sem þeir aðilar sem koma til með að njóta góðs af því hefðu mátt styrkja okkur betur í þessu starfi en raun ber vitni.

Í annan stað höfum við reynt að skipuleggja okkur vel hvað varðar aðrar framkvæmdir vegna mótsins. Ráðinn hefur verið markaðsfulltrúi, Markfell í Reykjavík, sem sér um öflun auglýsinga og sölu á sölubásum og öðru því er því tilheyrir. Einnig er nú verið, þegar þetta er ritað, verið að kanna með undirtektir á Landbúnaðarsýningu samhliða Landsmótinu. Fyrstu viðbrögð lofa góðu en þó er enn ekki fullljóst hverjar lyktir málsins verða. Gengið hefur verið til samninga við einkaaðila um einkarétt á sölu og framleiðslu minjagripa með merki mótsins. Væntum við góðs af því samstarfi. Fyrirhugað er að bjóða út veitingasölu og sjoppusölu og verður það auglýst á næstu dögum. Einnig er fyrirhugað að bjóða upp á bjórsölu í veitingatjaldi mótsdagana. Samningar standa yfir við sameinaða sveit Hjálparsveitar skáta, Flugbjörgunarsveitarinnar á Akureyri, Hjálparsveitar skáta á Dalvík og Hjálparsveit skáta í Eyjafjarðarsveit, Dalbjörg, um aðgöngumiðasölu, þrif og gæslu á mótssvæðinu. Er raunar aðeins eftir að reka smiðshöggid á þann samning. Samstarf hefur komist á milli framkvæmdastjórnar, sýslumannsins og lögreglustjórans á Akureyri um framkvæmd löggæslu á mótinu og verða haldnir fundir eftir þörfum þegar nær dregur móti og e.t.v koma fleiri að þeim fundum. Markmið okkar er að halda slysalaust mót og ánægjulegt þannig að eftirmælin verði eitthvað á þessa leið: „Þetta var ánægjulegt mót og slysalaust og á Melgerðismelum var gott að dveljast.“

Margt fleira mætti týna til sem við höfum verið að bauka við. Nú síðustu vikunnar hefur Rafn Arnbjörnsson komið inn í nefndina í stað Þorsteins Hólms sem er veikur og eftir

áramót var ákveðið að undirritaður tæki að sér framkvæmdastjórn, fyrst í hlutastarfi og síðan í fullu. Þetta er mjög mikið starf og hefði þurft að vera búinn að ráða mann í fullt starf fyrir nokkru síðan en fjárskortur hefur hamlað og því erum við í hlutverki hinnar hagsýnu húsmóður en markmið okkar er skýrt: Að gera eins vel og við getum og helst aðeins meira. Eflaust háir fjármagnsskortur okkur eitthvað en þá verður svo að vera og nú þegar eru stjórnarmenn í persónulegum skuldbindingum fyrir öllu því sem við höfum gert og eigum eftir að gera fram að móti.

Mikið fjaðrafok átti sér stað út af tillögum um þátttökugjöld kynbótahrossa sem sett voru fram samkv. samþykkt Landsþings LH sl. haust. Mikið var rætt um þetta í fjölmiðlum og ekki allt satt og rétt sem kom þar fram. Töldum við rétt að hefja ekki blaðaskrif að svo komnu máli því allar blaðadeilur eru einungis til þess fallnar að skemma fyrir mótinu. Þó getur farið svo að við svörum þeim ósannindum sem sett voru fram á prenti við hentugt tækifæri.

Eitt hefur valdið okkur heilabrotum og vangaveltum síðustu dagana og vikunnar. Það er hitasótt sú sem nú gengur ljósum logum á suðvesturhorni landsins. Ljóst er að við verðum að fylgjast grannt með framvindu mála og erum í beinu sambandi við yfirdýralækni vegna málsins en eins og málin standa er engin þörf á að fara að tala um að hætta við mótið eins og fjölmiðlar margir hafa verið að ýja að síðustu daga. Það er ekki til umræðu.

Að lokum viljum við óska Eyfirðingum og Akureyringum alls velfarnaðar á komandi vikum og mánuðum með ósk um gott samstarf. Nú er að duga eða drepast.

F.h. framkv.stj.

Jón 'Ol. Sigfússon, framkv.stj.

Félagsheimili Funa

Eins og fram kom í desemberblaði Funafréttu þá ákvað stjórn Funa að óska eftir tillögum að nafni á félagsheimilið okkar. Aðeins bærust tvær tillögur að nafni og því höfum við ákveðið að reyna aftur. Ef þú félagsmaður góður lumar á tillögu að nafni, þá vinsamlegast sendu hana til Önnu Kristínar Árnadóttur Leifshúsum 601 Akureyri. Tillögurnar þurfa að hafa borist til viðtakanda eigi síðar en 15 apríl nk.

Stjórn Funa.



Björkvöld

Föstudagskvöldið 3. apríl næstkomandi verður opið hús á Melgerðismelum frá kl. 21:00

Seldar verða léttar veitingar og leikin lifandi tónlist í bland við aðrar upptökur. Komið og eigið með okkur notalega kvöldstund á góðum stað.

Skemmtinefndin.



Mótadagar Funa 1998.

- 23. apríl Íþróttamót á Melgerðismelum.
 - 30. maí Héraðsmót UMSE og UÍÓ í hestaiþróttum að Hringsholti.
 - 6.-7. júní Frissa friska leikarnir á Akureyri.
 - 14. júní Gæðingamót og úrtaka fyrir LM'98 á Melgerðismelum.
 - 8.-12. júlí Landsmót hestamanna á Melgerðismelum.
 - 15.-16. ágúst Bikarmót Norðurlands á Krókstaðamelum V-Hún.
 - 22. ágúst Bæjakeppni á Melgerðismelum.
- Svo gæti farið að gæðingamótið og úrtakan verði færð til enda komu fram óskir um það á aðalfundi félagsins.

Aðrir viðburðir.

- 23. apríl Kaffisala á Melgerðismelum.
- 21. júní Measureið.
- 7.-9. ágúst Félagsferð Funa.
- 22. ágúst Kaffisala á Melgerðismelum.



Lagabreytingar sem samþykktar voru á aðalfundi.

1. grein.

Félagið heitir hestamannafélagið Funi og er aðili í U.M.S.E. Starfssvæði félagsins er Eyjafjarðarsveit. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns hverju sinni.

4. grein.

Árgjald félagsmanna skal ákveðið fyrir hvert starfsár á aðalfundi. Gjaldþagi þess skal vera 1. mars og eindagi þess 15. apríl. Séu félagsmenn ekki skuldlausir við félagið á eindaga, missa þeir öll félagsleg réttindi í félaginu, þar með talið keppnisrétt, þar til skuldin er að fullu greidd. Félagsmenn sem ekki hafa greitt sitt árgjald um áramót verða sjálfkrafa strikaðir út af félagaskrá. Fyrir alvarleg brot gegn lögum félagsins er stjórn heimilt að víkja mönnum úr félaginu. Brottvikum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

1. grein.

Félagið heitir hestamannafélagið Funi og er aðili í U.M.S.E. Starfssvæði félagsins er Eyjafjarðarsveit. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns hverju sinni.

Aðrir viðburðir.

1. grein.

Stofnun hestamannafélagsins Funa.

Laugardaginn 28. maí 1960 komu saman nokkrir áhugamenn um hrossarækt og hestamennsku, í félagsheimilinu Laugarborg í Hrafnagilshreppi. Til þessa fundar var boðað af stjórn Hrossaræktarfélags Eyjafjarðar. Hjalti Jósefsson stýrði fundi en Óttar Björnsson ritaði fundargerð. Formaður Hrossaræktarfélagsins Björn Jónsson sagði nokkur ávarpsorð. Hann sagði m.a. að hér værum við saman komnir í því augnamiði að stofna hestamannafélag innan Akureyrar ásamt Svalbarðsströnd. Hann sagði að fyrir 9 árum hefði Hrossaræktarfélag Eyjafjarðar verið stofnað og hefði sá félagsskapur starfað um hríð með blóma og góðum árangri. En félagsskapurinn hefði átt í fjárhagsörðugleikum og undirtektir sveitanna hefðu ekki verið nógu almennar, auk þess sem búfjárræktarlögin nýju hefðu verið þannig að lítill stuðningur hefði verið að fyrir félagsskapinn. Vegna þessara orsaka var vakið máls á því við Skagfirðinga að mynda hrossaræktarsamband. Með því náðist út úr búfjárræktarlögunum það sem þau heimila til þessara mála. Fyrir tveimur árum var svo stofnað Hrossaræktarsamband Norðurlands sem tekur yfir Eyjafjarðar, Skagaljarðar og Húnavatnssýslur. Björn sagði að þetta samband leysti að nokkru hlutverk hrossaræktarfélaganna, en innan hvernar sýslu þyrfti að vera samtök eða félög sem efla og vekja áhuga fólksins, ekki einungis fyrir kynbótum og ræktunarmálum, heldur einnig reiðmennsku og meðferð hesta í því sambandi. Þessum málum er best borgið innan hestamannafélaganna sagði Björn og víða um landið hafa verið stofnuð slík félög með öll þessi mál á stefnuskrám sínum. Að lokum bar Björn fram svohljóðandi tillögu:

“Því vill stjórn Hrossaræktarfélags Eyjafjarðar gera það að tillögu sinni að það verði stofnað hestamannafélag á þessum fundi og taki það við hlutverki Hrossaræktarfélags Eyjafjarðar, störfum þess og eignum.”

Voru fundarmenn nú beðnir að láta álit sitt í ljósi um þessi mál. Til máls tóku Steingrímur Nielsson, Eiríkur Brynjólfsson, Benedikt Júlíusson og Snæbjörn Sigurðsson. Síndist sumum betra að stofna ekki félagið í kvöld, málið væri ekki nógu vel undirbúið, fundurinn hefði ekki verið auglýstur eins og heyrst hefði að ætti að gera og því sætu ýmsir áhugamenn og hestamenn heima sem annars hefðu komið og því þyrfti að boða til framhaldsstofnfundar. Öðrum þótti nógu margir mættir til félagsstofnunar og best að drífa það á. Fundarstjóri bað ritara að lesa upp frumdrög að lögum fyrir væntanlegt félag sem hann og gerði og gat þess um leið að hann ásamt Haraldi Þórarínssyni og Jóhanni Ingólfssyni hefðu verið fengnir til að semja þetta uppkast. Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Steingrími, Eiríki og Snæbirni:

“Fundurinn samþykkir að stofna hestamannafélag fyrir Eyjafjarðarsýslu innan Akureyrar ásamt Svalbarðsströnd. Á þessum fundi skal kjósa 3ja manna bráðabirgðastjórn er m.a. sjái um að framhaldsstofnfundur verði haldinn svo fljótt sem verða má og hann auglýstur rækilega með nægum fyrirvara. Á framhaldsstofnfundinum skal síðan kjósa stjórn samkvæmt væntanlegum lögum félagsins.”

Var tillagan samþykkt samhljóða. Þá var leitað eftir því hverjir myndu ætla að ganga í hið væntanlega félag og undir svohljóðandi yfirlýsingu rituðu:

Laugarborg 28/5 1960. Við undirritaðir samþykkjum hér með að stofna hestamannafélag innan Akureyrar ásamt Svalbarðsströnd og gerumst hér með félagar. Eiríkur Brynjólfsson, Haraldur Þórarínsson, Jóhann Ingólfsson, Páll Vígfusson, Snæbjörn Sigurðsson, Benedikt Júlíusson, Ólafur Kjartansson, Hallgrímur Indriðason, Magni Kjartansson, Magnús Stefánsson, Ingólfur Ásbjörnsson, Kristinn Kjartansson, Steingrímur Nielsson, Hjalti Jósefsson.

Þá kom fram svohljóðandi yfirlýsing frá viðstöddum félögum úr Hrossaræktarfélagi Eyjafjarðar:

“Við undirritaðir félagar úr Hrossaræktarfélagi Eyjafjarðar samþykkjum hér með að leggja félagið niður og afhenda hinu nýstofnaða hestamannafélagi eigur þess.” Björn Jónsson, Hjalti Jósefsson, Óttar Björnsson, Magnús Stefánsson, Benedikt Júlíusson, Snæbjörn Sigurðsson, Páll Vigfússon, Jóhann Ingólfsson, Ingólfur Ásbjörnsson, Haraldur Þórarinsson.
Fleira ekki gert og fundi slitið. Óttar Björnsson.

Framhaldsstofnfundur hestamannafélagsins Funa.

Samkvæmt ákvörðun fundar hestamanna og Hrossaræktarfélags Eyjafjarðar að Laugarborg 28. maí 1960 um stofnun hestamannafélags, boðaði bráðabirgðastjórn þess framhaldsstofnfund að Sólgarði 11. júní 1960. Var hann allvel sóttur, einkum af íbúum Saurbæjarhrepps. Óttar Björnsson setti fund og las eftirfarandi dagskrá:

1. Lesin fundargerð stofnfundar frá 28. maí.
2. Gengið frá lögum félagsins.
3. Innritun félagsmanna.
4. Félaginu gefið nafn.
5. Kosningar.

Síðan tilnefndi Óttar fundarstjóra Eirík Brynjólfsson og ritara Harald Þórarinsson.

1. Óttar las síðan fundargerðina og skýrði málin sem fyrir fundinum lágu. Einnig las hann drög þau til félagslaga, sem lögð höfðu verið fram á fyrri fundinum og þá nokkuð rædd.
2. Nokkrar umræður urðu um lögin og framkvæmd þeirra, fyrirspurnir gerðar og gagnlegar athugasemdir, en yfirleitt lýstu ræðumenn sig samþykka lögnum. Þó þótti fullmikið að ætla þriggja manna stjórn öll störfin og var samþykkt munnleg tillaga fundarstjóra að stjórnin tilnefndi menn eftir þörfum sér til aðstoðar við aðkallandi framkvæmdir. Ákveðið var að félagsgjald yrði 25 krónur fyrir þá sem fermdir væru, en yngri félagar skyldu gjaldfrjálsir. Var lagauppkastið síðan samþykkt sem gildandi lög félagsins með samhljóða atkvæðum.
3. Þá voru rituð nöfn stofnenda félagsins í gjörðabók þess og innheimt árgjöld. Stofnendur voru 68 talsins.
4. Miðum var útbýtt til félagsmanna og skyldu þeir rita þar á tillögur sínar um nafn félagsins. Litillega var rætt um að nafnið yrði tengt minningu einhvers mikils gæðings á félagssvæðinu. Óttar las upp nöfn starfandi hestamannafélaga í landinu. Ýmsar tillögur komu en flestir hölluðust að nafninu “Funi” og var það samþykkt.
5. Þá var kosin þriggja manna stjórn og féllu atkvæði þannig: Óttar Björnsson 33 atkvæði, Steingrímur Nielsson 27 atkvæði, Hjalti Jósefsson 19 atkvæði og Eiríkur Brynjólfsson 17 atkvæði. Samkvæmt lögum félagsins eru þá þrír þeir atkvæðahæstu rétt kjörnir í stjórn félagsins og skipta sjálfir með sér verkum. Eiríkur kjörinn fyrsti varamaður í stjórn. Samþykkt var að endurskoðendur reikninga yrðu tilnefndir og stakk Óttar upp á Magnúsi Stefánssyni og Haraldi Þórarinssyni. Var það samþykkt samhljóða.
6. Um framkvæmdir var lauslega skrafað, en uppástungur komu þó fram um að stjórnin athugaði möguleika á að góðhestasýning og kappreiðar færu fram, og þörf væri að koma upp tamningastöð. Óttar skýrði frá mistökum sem urðu með útvegum kvikmyndar sem ráðgert hafði verið að sýna. Drög að fundargerð lesin upp.
Fleira ekki gjört og fundi slitið. Haraldur Þórarinsson.

TILBOÐ

TIL FERMINGARBARNA 1998

16 MANNA MARSIPANTERTA

ÁÐUR KR. 4.240.-
NÚ KR. 3.600.-

20 MANNA MARSIPANTERTA

ÁÐUR KR. 5.300.-
NÚ KR. 4.500.-

40 MANNA FERMINGARBÓK

ÁÐUR KR. 10.400.-
NÚ KR. 8.900.-

20 MANNA KRANSAKARFA

ÁÐUR KR. 5.600.-
NÚ KR. 4.700.-

30 MANNA KRANSAKARFA

ÁÐUR KR. 8.900.-
NÚ KR. 7.500.-

TURNTERTA - KONFEKTTERTA - KORNFLEXTERTA
PERUTERTA - JARÐABERJA-OSTATERTA
BLÁBERJA-OSTATERTA

ÁÐUR KR. 2.990.-
NÚ KR. 2.500.-

SACKER-TERTA

ÁÐUR KR. 2.238.-
NÚ KR. 1.941.-

12 MANNA SMURBRAUÐSTERTA MEÐ
HANGIKJÖTI-RÆKJUM-SKINKU EÐA LAXI

ÁÐUR KR. 2.240.-
NÚ KR. 1.950.-

SNITTUR MEÐ RÆKJUM EÐA ROASTBEEF

KR. 95.- STK.

SODID-BRAUÐ MEÐ REYKTUM LAXI

KR. 75.- STK.

FLATBRAUÐ MEÐ HANGIKJÖTI

KR. 75.- STK.

AKUREYRI
BRAUÐGEIRD
AXELIS

TRYGGVABRAUT 22 - SÍMI 461 4010 - FAX 461 4011